

Landsvirkjun
Albert Guðmundsson
Háaleitisbraut 68
103 REYKJAVÍK

2000110076
3501; 3502; 3506;
3510; 9708; 8709;
8710; 8711; 8712;
8714; 8719; 9310

Reykjavík, 23. ágúst 2001
/--

Efni: Sultartangalína 3, 420 kV háspennulína frá Sultartanga að Brennimel. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun um Sultartangalínu 3, 420 kV háspennulínu frá Sultartanga að Brennimel.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Landsvirkjunar dags. 18. júlí 2001 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Sultartangalína 3, 420 kV Sultartangi - Brennimelur. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Landsvirkjun, 18. júlí 2001.
Línuhönnun verkfræðistofa.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar eftirtalinna aðila um tillögu framkvæmdaraðila í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum:

Biskupstungnahrepps, Borgarfjarðarsveitar, Gnúpverjahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hvalfjarðarstrandarhrepps, Laugardalshrepps, Skeiðahrepps, Skilmannahrepps, Skorradalshrepps, Þingvallahrepps, Ferðamálaráðs Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Landgræðslu ríkisins, Löggildingarstofu, Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samvinnunefndar miðhálandis, Veðurstofu Íslands, Vegagerðarinnar, veiðimálastjóra, veiðistjóraembættisins og Þjóðminjasafns Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Biskupstungnahreppi með bréfi dags. 20. ágúst 2001, Borgarfjarðarsveit með bréfi dags. 20. ágúst 2001, Gnúpverjahreppi með bréfi dags. 6. ágúst 2001, Grímsnes- og Grafningshreppi með bréfi dags. 20. ágúst 2001, Hrunamannahreppi með bréfi dags. 7. ágúst 2001, Hvalfjarðarstrandarhreppi með bréfi dags. 29. júlí 2001, Laugardalshreppi með bréfi dags. 24. júlí 2001, Skeiðahreppi með bréfi dags. 17. ágúst 2001, Skilmannahreppi með bréfi dags. 28. júlí 2001, Skorradalshreppi með bréfi dags. 1. ágúst 2001, Þingvallahreppi með bréfi dags. 10. ágúst 2001, Ferðamálaráði Íslands með bréfi dags. 8. ágúst 2001, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 14. ágúst 2001, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 1. ágúst 2001, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 26. júlí 2001, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 31. júlí 2001, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 27. júlí 2001, Löggildingarstofu með bréfi dags. 14. ágúst 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 7. ágúst 2001, Samvinnunefnd miðhálandis með bréfi dags. 31. júlí 2001, Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 30. júlí 2001, Vegagerðinni með bréfi dags. 31. júlí 2001, veiðimálastjóra með bréfi dags. 25. júlí 2001, veiðistjóraembættinu með bréfi dags. 19. júlí 2001, Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 26. júlí 2001, Guðmundi Guðmundssyni með bréfi dags. 29. júlí og HH samtökunum með bréfi 28. júlí 2001. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 22. ágúst 2001.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd, framkvæmdasvæði og aðrir kostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að hugsanlegt sé að Brennimelslína 1 verði færð upp fyrir byggð í Hlíðarbæ til mótvægis við lagningu Sultartangalínu 3 á Hvalfjarðarströnd. Einnig að hugsanlegt sé að gerðar verði einhverjar breytingar á Sultartangalínu 1. Fram kemur að niðurstaða um hvort eða hvernig Brennimelslínu 1 eða Sultartangalínu 1 yrði breytt sé háð því hver niðurstaða verði um línustæði og línugerð Sultartangalínu 3.

Í umsögn hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps er hvatt til þess að skoðaður verði sá kostur að leggja línu frá Sultartangalínu 3 á Botnsheiði um Litlasandsdal og að Brennimelslínu 1 við Þyrilsnes, sem yrði síðan endurbyggð að Geithálsi. Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að þetta sé ekki heppilegur kostur samanborið við að leggja línuna að tengivirkinu á Brennimel, hann sé dýrari og leysi engan vanda.

Í athugasemd Líffræðistofnunar Háskóla Íslands sem fylgir með tillögu að matsáætlun er bent á að hafa línustæði Sultartangalínu 1-3 km norðar á svæðinu frá Tjaldafelli að Sandfelli vegna sjónrænna áhrifa af línunni á fyrirhugaðri línuleið.

Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að í matsskýrslu verði skýrt frekar við hvaða aðstæður framkvæmdaraðili hyggist færa Sultartangalínu 1 og Brennimeislínu 1, sem mótvægisaðgerðir eða af öðrum ástæðum, og hvaða tilhögun verði höfð á þeim framkvæmdum. Í matsskýrslu verði þetta sett í samhengi við valkosti sem settir verða fram í matsskýrslu á lagningu Sultartangalínu 3 svo hægt verði að taka afstöðu til þeirra með tilliti til þeirra mótvægisaðgerða sem koma til með að fylgja hverjum valkosti.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila eru ekki færð rök fyrir því að sá kostur að tengja Sultartangalínu 3 frá Botnsheiði að Brennimeislínu 1 við Þyrilsnes sé ekki heppilegur, önnur en þau að hann sé dýrari en aðrir. Skipulagsstofnun telur að í

matsskýrslu beri framkvæmdaraðila að fjalla um þennan kost.

Í ljósi óvissu um framtíðarnýtingu háspennulína á svæðinu, t.d. hugmynda um 400 kV flutningskerfi, telur Skipulagsstofnun rétt að við val á línuleið Sultartangalínu 3 verði hliðranir frá Sultartangalínu 1 ekki útilokaðar en framkvæmdaraðili hyggur einmitt á slíka hliðrun við Gullfoss. Skipulagsstofnun bendir á að skoða verði athugasemd Líffræðistofnunar um lagningu Sultartangalínu 3 nokkru norðan Sultartangalínu 1 á kaflanum frá Tjaldafelli að Sandfelli í þessu ljósi.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að m.a. verði metinn sá kostur að leggja Sultartangalínu 3 í jörðu á 5-10 km kafla næst Brennimeil. Í ljósi umsagnar framkvæmdaleyfisveitanda og athugasemda sem borist hafa á kynningartíma til Skipulagsstofnunar sem og fjölmargra athugasemda sem fylgja með tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun telur Skipulagsstofnun að í matsskýrslu þurfi að meta ítarlega umhverfisáhrif lagningar jarðstrengs, auk þess sem gera þurfi grein fyrir kostnaði við lagningu jarðstrengs í samhengi við lagningu loftlínu og heildarkostnað framkvæmdar.

Áhrif á landnotkun/samfélagsleg áhrif

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að m.a. verði metin sjónræn áhrif línunnar á sérstaklega viðkvæmum stöðum og gerð verði úttekt á umfangi útivistar og ferðaþjónustu í grennd við línuna.

Ásamt því að meta sjónræn áhrif og gera úttekt á umfangi útivistar og ferðaþjónustu telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að meta samfélagsleg áhrif af völdum þeirra takmarkana sem lagning línunnar kann að hafa á landnotkun í byggð, t.d. á landbúnað, ferðaþjónustu, frístundabyggð og hlunnindi við Hvalfjörð. Í því samhengi verði valkostir bornir saman, m.a. sá kostur að leggja línuna í jörðu.

Skipulag

Skipulagsstofnun vekur athygli á að í umfjöllun um skipulag verði tekið mið af stöðu skipulagsmála á þeim tíma sem framkvæmd verður auglýst. Bent er á að Aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-20012 hefur nú verið afgreitt til umhverfisráðuneytis til staðfestingar og er skipulagi frestað á fyrirhuguðu línustæði Sultartangalínu 3 þar sem ekki hefur verið gengið frá breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands vegna fyrirhugaðrar línulegu. Aðalskipulagstillaga fyrir Laugardalshrepp hefur verið auglýst og verður fljótlega afgreidd til staðfestingar með sama hætti. Í Skeiðahreppi, Hrunamannahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Borgarfjarðarsveit, Skorradalshreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi er aðalskipulag í vinnslu eða í undirbúningi.

Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim breytingum á skipulagi sem fyrirhuguð háspennulína kallar á.

Breyta þarf Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015, Svæðisskipulagi sunnan Skraðsheiðar 1992-2012, Svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013, Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 og Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012. Einnig þarf að breyta

deiliskipulagi við Tjaldafell í Grímsnes- og Grafningshreppi og deiliskipulagi Þórisstaða í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Jafnframt getur eftir endanlegu vali línustæðis í Hvalfjarðarstrandarhreppi þurft að breyta deiliskipulagi að Eyri og/eða Svarfhóli.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit :

Biskupstungnahreppur, Borgarfjarðarsveit, Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Laugardalshreppur, Skeiðahreppur, Skilmannahreppur, Skorradalshreppur, Þingvallahreppur, Ferðamálaráð Íslands, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Landgræðsla ríkisins, Löggildingarstofa, Náttúruvernd ríkisins, Samvinnunefnd miðhálandis, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin, veiðimálastjóri, veiðistjóraembættið, Þjóðminjasafn Íslands, Guðmundur Guðmundsson, HH samtökin.

